



Vestmannaeyjabær Framkvæmdaleyfi

Heiti framkvæmdaleyfis:

Framkvæmdaleyfi fyrir stækkun þýrlupalls í Surtsey

Leyfishafar:

Surtseyjarfélagið
640269-0579
Urriðaholtsstræti 6
210 Garðabær

Leyfisveitandi:

Vestmannaeyjabær
690269-0159
Kirkjuvegi 50
900 Vestmannaeyjum

Fylgigögn framkvæmdaleyfis:

- Erindi vegna stækkunar þýrlupalls í Surtsey tölvupóstur
- Minnisblað_stækkun_þýrlupalls_Surtsey_uppfærsla_25-06-2026 (003)
- minnisblað_þýrlupallur_Surtsey_uppfærsla 25-06-2026 (1) (003)
- Tölvupóstur Leyfi til framkvæmda stækkun á þýrlupalli í Surtsey
- Leyfi til framkvæmda- Surtsey þýrlupallur Náttúruverndarstofnun
- Tölvupóstur samþykki forsætisráðuneytis
- Yfirlitsmynd Pálsbæjar og þýrlupallur júlí 2026

Vistuð í skjalakerfi Vestmannaeyjabæjar undir máli „Surtsey – Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir stækkun þýrlupallar“.

Samantekt

Vestmannaeyjabæ barst þann 26. júní 2026 umsókn um leyfi vegna stækkunar þýrlupalls í friðlandinu Surtsey (a).

Surtsey varð til í neðansjávargosi sem varð fyrst vart þann 15. nóvember 1963. Surtsey hefur verið friðuð frá árinu 1965 og er á heimsminjaskrá UNESCO vegna einstakra náttúruminja á grundvelli mikilvægi rannsókn og vöktunar á landnámi dýra og plantna ásamt þróun eyjunnar og framvindu lífríkis Surtseyjar. Markmið friðunarinnar er að tryggja aðstöðu til rannsókna og langtímavöktun á jarðfræðilegum breytingum og landnámi lífvera og gróðurs. Surtsey er í eigu ríkissjóðs, Náttúruverndarstofnun fer með umsjón friðlandsins og Surtseyjarfélagið hefur umsjón með að efla rannsóknir í jarðvísindum og lífræði í eyinni. Surtsey er hluti af lögsagnarumdæmi Vestmannaeyjabæjar og fer bæjarfélagið með skipulagsvald í eyinni.

Fyrst var settur upp þýrlupallur í Surtsey fyrir um 40 árum en er núverandi þýrlupallur settur upp árið 1993 og er 6 x 6 metrar (36 m²) (b,c). Landhelgisgæslan hefur að jafnaði flutt tvo leiðangra til Surtseyjar á hverju ári. Eftir uppfærðan þýrlukost Landhelgisgæslunnar hefur gæslan komið þeirri skoðun á framfæri að pallurinn í Surtsey sé of lítill til öruggrar lendingar fyrir svo stórar þýrlur.

Ráðhúsinu, Pósthólf 60, 902 Vestmannaeyjum
Sími 488-2000, Kennitala 690269-0159
Vefsíða www.vestmannaeyjar.is



Mynd 1: Núverandi pallur.

Í fyrstu var gert ráð fyrir að gera töluvert stærri pall 21x21 metra og jafnvel á nýjum stað til að uppfylla alþjóðlega staðla um aðflug og öryggisþætti. Töluverð umsvif hefðu falist í uppbyggingu á slíkum palli.

Árið 2025 komu flugmenn Landhelgisgæslunnar svo með tillögu að 10 x 10 metra palli, eftir að hafa kannað aðstæður í eyinni betur. Um er að ræða „SpecOps“ landingarstað sem uppfyllir ekki ströngustu kröfur varðandi farþegaflug en væri tvímannalaust til mikilla bóta miðað og gera landingu bæði öruggari og auðveldari. Með einfaldri stækkun eru inngrip og umhverfisáhrifum haldið í lagmarki og heildarkostnaður takmarkaður.

Við stækkun pallsins verður yfirborð í kringum núverandi pall jafnað, smíðaðar undirstöður úr timbri og lagt yfirborð úr grindarefni úr galvaniseruðu stáli. Öll umhverfisáhrif og rask eru takmörkuð með því að stækka pallinn á núverandi stað, smíða undirstöður í stað þess að steypa þær og að nota létt grindarefni í yfirborð pallsins. Með þessari útfærslu er takmörkuð þörf fyrir aðkomu stórra vinnuvéla.


Auðvelt væri að fjarlægja stækkunina. Yfirborð pallsins yrði einfaldlega tekið í sundur og fjarlægt og teinarnir sem eru festir í bergið væru skornir burt.

Lögð er fram framkvæmdaáætlun í fylgiskjali c).


Myndir 2-4 sýna staðsetningu og stækkun þyrlopallsins.



Vestmannaeyjabær



Mynd 2: Staðsetning skála og þyrlupalls í Surtsey (g).



Mynd 3: Afstaða skála, Pálsbær og þyrlupalls í Surtsey (g).



Mynd 4: Loftljósmynd af þýrlupalli frá árinu 2023. Útlínur stækkunar eru einnig sýndar sem og fjarlægð frá miðju pallsins (c).

Útgáfa framkvæmdaleyfis:

Framkvæmdaleyfi þetta er gefið út á grundvelli reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Með tilvísana í tölvupóst dagsettum 13. júlí 2026 hefur Forsætisráðuneytið samþykkt fyrir sitt leyti stækkun á þýrlupalli í Surtsey, með vísan til 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Samþykki er veitt með þeim fyrir að öll tilskilin leyfi t.a.m. framkvæmdaleyfi frá Vestmannaeyjabæ liggja fyrir við upphaf framkvæmda (f).

Með tilvísana í bréf dagsett 8. Júlí 2026 veitir Náttúruverndarstofnun fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni og tilgreinir skilyrði sem sjá má í fylgiskjali (e).

Með vísan til samþykktar á 443 fundar umhverfis- og skipulagsráðs Vestmannaeyjabæjar þann 18. ágúst 2026 og meðfylgjandi gögnum er hér með veitt framkvæmdaleyfi til að stækka þýrlupall í Surtsey. Stækkunin felur í sér eftirfarandi verkþætti sbr. framkvæmdaáætlun í fylgiskjali c).

1. Fjarlægja þann gróður og jarðveg sem myndast hefur og dafnað við jaðra pallsins. Grafa um 2 metra meðfram núverandi palli og koma gróðri og jarðvegi fyrir í nágrenninu með það í huga að koma hnausunum aftur fyrir við jaðra hins stækkaða palls
2. Jafna svæði umhverfis núverandi pall (2-3 metra).



Vestmannaeyjabær

3. Setja upp burðargrind úr timbri og stáli.
4. Leggja ofan á galvaníseraðar stálgrindur.
5. Ganga frá framkvæmdasvæðinu. Nýta efni sem flutt er til, til að endurgera umhverfi í jaðra pallsins.

Þess skal gæta að allt rask vegna framkvæmdanna sé lágmarkað og skilið við nærumhverfi framkvæmdasvæðisins í þeirri mynd sem komið var að því.

Almennir skilmálar framkvæmdaleyfis:

Framkvæmdina skal vinna samfelld, eða í eins fáum samfelldum lotum og unnt er með hliðsjón af eðli framkvæmdar.

Framkvæmdin er háð þeim takmörkunum sem eru á viðverðu í Surtsey. Sérstaklega skal forðast skal að framkvæma á varptíma fugla.

Umgengni á framkvæmdasvæði skal vera góð og fyllsta öryggis gætt með tilliti til allrar umferðar við framkvæmdasvæðið.

Vísað er til skilmála Náttúruverndarstofnunar vegna framkvæmdarinnar.

Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því líkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.

Framkvæmdaraðili og eftirlit með framkvæmdum.

Surtseyjarfélagið er framkvæmdaraðili verksins og mun sjá um að byggja pallinn mögulega með aðstoð fulltrúa frá Landhelgisgæslunni eða björgunarfélaginu. Landhelgisgæslan mun sjá um að flytja byggingarefni til Eyjarinnar.

Allir undirverktakar sem fengnir verða til verkefnisins skulu upplýstir um kröfur um frágang og vinnuaðferðir. Framkvæmdaraðili hefur ábyrgð á þessari miðlun.

Náttúruverndarstofnun er eftirlitsaðili með framkvæmdinni og mun Ragnheiður Björk Sigurðardóttir vera viðstödd á framkvæmdatíma og vera með eftirlit.

Landhelgisgæslan mun einnig taka verkið út að því loknu.

Lok framkvæmda

Þegar að leyfishafi telur framkvæmdum lokið skal hann hafa samband við leyfisveitanda og upplýsa um verklok. Gott er ef að myndir eða kort séu meðfylgjandi tilkynningu um verklok.

Útgáfudagur og gildistími:



Vestmannaeyjabær

Framkvæmdaleyfið er gefið út þann 24. ágúst 2026. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin sé unnin á haustmánuðum 2026. Ef það næst ekki verður haldið áfram með framkvæmdina síðsumars og haust árið 2027. Framkvæmdaleyfið er því í gildi til 30. september 2027.

Undirskrift,



Dagný Hauksdóttir

Skipulags- og umhverfisstuðningur